

## Hverfisgata 49

Sótt um leyfi fyrir 3ja hæða viðbyggingu innan lóðar

Hafnarfjörður, 06.02. 2017

Málsnr. 1609573

Umsögn skipulagsþjónustu:

Bent er á að ef byggt er við húsið að Hverfisgötu 49 þarf samþykki allra þriggja eigenda hússins. Undirskrift allra eigenda þarf að liggja fyrir áður en erindi eru tekin til afgreiðslu.

### **Skipulagsskilmálar deiliskipulags Miðbær Hraun vestur:**

Hverfisgata 49 heyrir undir deiliskipulagið „Miðbær Hraun vestur“, samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 2. september 2015.

Í almennum skilmálum deiliskipulagsins er kveðið á um að þakform, þakhalli og mælikvarði viðbygginga sé í samræmi við umhverfið og byggðamynstur. Á þeim lóðum sem heimilt er að byggja við núverandi hús er aðeins gert ráð fyrir minni viðbyggingum á skipulagsreitnum. Almennt gildir að hús stækki ekki umfram 10% af grunnfleti sínum.

Í sérskilmálum deiliskipulagsins fyrir einstakar lóðir kemur fram að við Hverfisgötu 49 er heimild fyrir byggingu bílskúrs og að nýtingarhlutfall lóðarinnar verði að hámarki  $N=0,61$ .

Á teikningum sem fylgja umsókninni er ekki tekið tillit til ofangreindra atriða. Því er ekki hægt að verða við ósk umsækjanda um viðbyggingu við Hverfisgötu 49 á þann hátt sem meðfylgjandi teikningar gefa sýna.

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar,  
Guðrún Guðmundsdóttir, arkitekt og skipulagsfræðingur